

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

45. fundur Stjórnar BS bs. jólafundur, haldinn fimmtudaginn 12. desember 2019

kl. 18:30 á Park Inn hótél.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

- Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð.
  - Jón fer yfir stöðu framkvæmda, þakeiningar á bílasal eru langt komnar og annað er á áætlun.
- Staða fjármála.
  - Rekstur samkvæmt áætlun en launaliður er örlítið hærri vegna lífeyrisgreiðslna aðalega.
- Viðauki við fjárhagsáætlun 2019.
  - Viðauki við fjárhagsáætlun lagður fram og samþykktur.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
  - Þann 1. desember var opnuð ný þjónustumiðstöð í Vogum og ný slökkvistöð tekin í notkun á sama tíma. Með því að opna stöð í Vogum erum við að sjá fram á að þjónusta við íbúa Voga verður með því besta sem gerist. Er ráðningarferli í varaliðið í Vogum komið í gang og gengur það vel.
- Önnur mál.
  - Meðfylgjandi er undirritaður samningur um sölu Hringbrautar 125, Slökkvistöðvar til Reykjanesbæjar. Formlegt mat fasteignasala var grundvöllur viðræðna við Reykjanesbæ og nýtti Reykjanesbær sér kaupréttinn í kjölfarið.

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

Fundi slitið kl. 19:00